

Hvernig finnst þér Ísland?

Þorvaldur Gylfason*

Þessi spurning dynur víst á mörgum erlendum ferðamönnum hingað heim, eða svo er mér sagt, en þeir láta hana ekki aftra sér sem betur fer: þeir streyma nú til Íslands sem aldrei fyrr. Hingað komu 4.000 ferðamenn frá útlöndum 1951, 40.000 1968, og nú nálgast fjöldi þeirra 400.000. Það er sjaldgæft, að fjöldi erlendra ferðalanga skari fram úr íbúafjölda lands, en það hefur okkur tekizt þrátt fyrir ýmsar heimatilbúnar hindranir svo sem svimandi hátt matarverð (61% hærra en ESB-löndum, segir Hagstofan) og enn svakalegra vínverð (126% hærra en í ESB, sama heimild). Ýmsir kostir landsins, fólksins og fjallanna eru þó þyngrir á metunum, þegar allt kemur til alls, og það er gott.

Uppsveiflan í ferðageiranum helzt í hendur við öra þróun íslensks efnahagslífs síðan um aldamótin 1900, þegar nútíminn hóf innreið sína á Íslandi. Þá voru lífskjör almennings á Íslandi (ég er að tala um afa og ömmur okkar, sem erum nú á miðjum aldri) svipuð og þau eru nú í Víetnam – já, Víetnam! – og litlu skárri en í Gönu. En nú er kaupmáttur tekna á mann á Íslandi á sama róli og í Hong Kong og meiri en í Danmörku og Svíþjóð. Þetta er bylting. Það væri óskandi, að fólkinu í Víetnam og Gönu lánaðist að taka sér sams konar tak og við tókum okkur með vitund og vilja, þegar við keyrðum Ísland inn í nútímamann í nokkrum rykkjum, einkum og sér í lagi með heimastjórninni 1904, viðreisninni 1960 og EES-samningnum 1994. Takist þeim það, og hafi þau heppnina með sér líkt og við, geta þau um aldamótin 2100 staðið þar í efnahagslegu tilliti sem við stöndum nú. Tekst þeim það? Engin spurning, engin von, engin þrá brennur heitar á þeim helmingi mannkyns, sem þarf eins og sakir standa að komast af með minna en tvo dollara á dag og fer alls á mis.

Víetnam hefur líkt og Kína tekið miklum framförum í krafti markaðsbúskapar, þótt kommúnistar fari enn með völd í landinu. Útflutningur á vörum og þjónustu frá Víetnam hefur á 20 árum aukizt úr næstum engu upp í 70% af landsframleiðslu á móti 32% hér heima. Víetnamskar konur fæða nú tvö börn hver að jafnaði, ekki sex eins og 1960, svo að hvert barn býr nú við miklu betri skilyrði til skólagöngu og velfarnaðar á vinnumarkaði en áður auk annars. Fæstir foreldrar í fátækum löndum ráða við að koma mörgum börnum til mennta, tvö börn eða þrjú eru minni fyrirstaða. Gana tekur einnig ýmsum framförum, þótt þróunin þar sé hægari en í Víetnam. Konur í Gönu fæða nú fjögur börn hver að jafnaði (eins og íslenskar konur gerðu 1960), ekki sjö eins og 1960. Viðskipti Gönu við önnur lönd fara vaxandi. Gana býst nú til að taka upp sameiginlega mynt með Nígeríu og þrem öðrum enskumælandi Vestur-Afríkulöndum 2009 til að greiða enn frekar fyrir millilandaviðskiptum. Fyrirmyndin er öðrum þræði evran.

Til að bægja annmörkunum ...

Aftur hingað heim. Það er ekki hyggilegt að hælást um af þeim árangri, sem við höfum náð í efnahagsmálum síðustu þrjú mannsaldra. Hitt er hollara, held ég, að rýna í veilurnar og reyna að læra sem mest af þeim, því að þannig – og aðeins þannig! – getur enn betri árangur náðst til hagsbóta handa okkur sjálfum og afkomendum okkar og öðrum, sem kann að langa til að læra af reynslu okkar. Jón forseti segir á einum stað: „Til að bægja annmörkunum þarf að halda þeim alltaf skarpt fram og sýna hvað skaðlegir þeir sé í alla átt. Með því næst um síðir það, sem maður vill, en þögnin heldur öllu í status quo – og status quo vitum við er afturför.“ Ég er sama sinnis.

Tökum púlsinn. Landsframleiðsla á mann á Íslandi 2006 nam 55.000 Bandaríkjadollurum á skráðu gengi krónunnar; meðalgengið var 70 krónur fyrir dollarann það ár. Í Bandaríkjunum nam framleiðsla á mann til samanburðar 43.000 dollurum. Á þessu ári (2007) nemur áætluð landsframleiðsla á mann hér heima 66.000 dollurum á núverandi gengi, sem er 60 krónur fyrir dollarann (júlí). Dettur nokkrum heilvita manni í hug, að Íslendingar séu allt í einu orðnir miklu ríkari en Bandaríkjamenn með allt sitt? Varla. Skýringin á misræminu er auðvitað sú, að gengi krónunnar er of hátt skráð eins og jafnan fyrr og hlýtur því að eiga eftir að lækka.

* Höfundur er prófessor í hagfræði í Háskóla Íslands.

Alþjóðabankinn lýsir þessu vel í skýrslum sínum. Þar kemur fram, að landsframleiðsla á mann í Bandaríkjunum 2005 var enn sem löngum fyrr um fimmtungi meiri en á Íslandi á kaupmáttarkvarða, eða 42.000 dollarar á mann þar á móti 35.000 dollurum hér heima. Kaupmáttarkvarðinn á vel við hér, því að hann tekur mið af því, að verðlag er yfirleitt lægra í Bandaríkjunum en á Íslandi, og hver dollari hrekkur að því skapi lengra þar en hér. Myndin sýnir, að uppsveiflan í efnahagslífinu hér heima undanfarin ár – EES-samningurinn, einkavæðing bankanna, framkvæmdirnar fyrir austan, útrásin og allt það – hefur ekki dugað Íslandi til þess að draga að ráði á Bandaríkin: bilið milli landanna hefur haldizt nokkurn veginn óbreytt, enda hefur bandarískt efnahagslíf gengið vel undangengin ár eins og jafnan fyrr. Bilið gæti átt eftir að breikka aftur um tíma, eins og það gerði 1987-97, ef gengi krónunnar fellur svo sem við er að búast og gengi innlendra hlutabréfa fer sömu leið.

Í þessum samanburði á Bandaríkjunum og Íslandi gerist þess ekki þörf að athuga framleiðslu á hverja vinnustund, öðru nafni vinnuframléðni, frekar en framleiðslu á mann, því að Bandaríkjamenn vinna jafnmargar vinnustundir á ári og Íslendingar.

Hvar standa Norðurlöndin? Landsframleiðsla á mann í Noregi var á kaupmáttarkvarða 42.000 dollarar 2005 eins og í Bandaríkjunum á móti 34.000 dollurum í Danmörku og 32.000 dollurum í Svíþjóð og Finnlandi. Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er vinnuálagið minna en á Íslandi, og framleiðsla á hverja vinnustund er meiri þar en hér. Framleiðsla á vinnustund er að ýmsu leyti skárrí mælikvarði á lífskjör en framleiðsla á mann, því að staðtölur um framleiðslu á mann taka fyrirhöfnina á bak við framleiðsluna ekki með í reikninginn. Fyrirhöfnin skiptir máli, því að flestir kysu að komast af með minni vinnu við óskertum tekjum.

Landsins forni fjandi

Hvert þyrfti dollaragengi krónunnar að vera nú til að jafna metin? – svo að skráð landsframleiðsla á mann á Íslandi samrýmdist viðteknu mati Alþjóðabankans á kaupmætti landsframleiðslunnar. Það er einfalt reikningsdæmi, þótt svarið segi ekki alla söguna. Gengið þyrfti að vera 110 krónur fyrir hvern dollara. Dollaragengið þyrfti með öðrum orðum að falla um næstum helming til að jafna metin. En samanburður kaupmáttar við Bandaríkin ein er að sönnu alls ekki fullnægjandi mælikvarði á gengisskráningu íslenzku krónunnar, því að gengi krónunnar þarf að skoða í samhengi við aðra helztu gjaldmiðla í utanríkisviðskiptum Íslands frekar en við dollarann einan. En vísbendingin er eigi að síður skýr: gengi krónunnar hlýtur að falla og það verulega.

Ég myndi ekki hafa orð á þessu, ef málið snerist um ofmat markaðsaflanna á gengi krónunnar og þá um leið á skráðri landsframleiðslu Íslendinga í dollurum talið til skamms tíma litið. Enginn getur með nokkurri vissu séð fyrir duttlungafullar gengissveiflur frá degi til dags eða ári til árs. Nei, málið snýst um landlæga gengisbjögun, sem hefur fylgt íslenzku efnahagslífi eins og skuggi um margra áratuga skeið, haldið útflutningsatvinnuvegum í spennitreyju og girt fyrir erlend viðskipti. Þessi bjögun er að miklu leyti óháð fyrirkomulagi gengisskráningarinnar, föstu gengi eða fljótandi.

Aðrir vitnisburðir hníga í sömu átt. Viðskiptahallinn hefur verið mikill mörg undangengin ár, og erlendar skuldir hafa eftir því hrannast upp í áður óþekktar hæðir eins og allir vita. Mikil skuldasöfnun erlendis vitnar jafnan um of hátt gengi. Sumir hafa litlar áhyggjur af þessu og benda á, að Íslendingar hafa safnað varanlegum eignum erlendis á móti. Vandinn hér er sá, að staðtölur um eignamyndunina eru miklu fátæklegri en tölurnar um skuldasöfnunina. Fullyrðingar um trausta eignamyndun á móti skuldum eru því að nokkru leyti reistar á vonglaðri ágizkun.

Við þetta bætast vitnisburðir daglegs lífs um ýmislega að því er virðist vafasama ráðstöfun erlends lánsfjár. Jepparnir á götum Reykjavíkur og nágrennis og á vegum landsins og allar íbúðabyggjarnar og byggingarkranarnir bera vitni. Kaup á íbúðum, húsum og bílum liggja stundum nálægt mörkum neyzlu og fjárfestingar. Óvíst er um endursöluvirði slíkra eigna, ef gengi krónunnar fellur, heimili og fyrirtæki komast í kröggur og kranarnir stöðvast – til dæmis þau heimili og fyrirtæki, sem hafa freistast til að taka lán við lágum vöxtum í erlendri mynt, þótt tekjuöflun þeirra sé öll í íslenzkum krónum.

Vandinn hér er ekki sá, að einstakir lántakendur kunni fótum sínum ekki forráð: þeir taka eins og eðlilegt er þau lán, sem þeir telja sig geta borið. Vandinn er sá, að lánveitendur kunna í ljósi sögunnar að geta varpað sínum byrðum á axlir saklausra vegfarenda, ef illa fer. Það er því ekki að öllu leyti

einkamál nágranna þíns, hvort hann ekur um borg og sveit á of mörgum jeppum. Þú gætir sem skattgreiðandi setið í súpunni, þótt þú hafir engan jeppann keypt. Slíkt hefur gerzt nokkrum sinnum á nýliðinni tíð í nálægum löndum. Hættan hér heima stafar af því, að ábyrgð ríkisins á bönkunum er í reyndinni óljós, þótt hún hafi verið numin burt úr lögum. Erlendir lánardrottinnar íslensku bankanna virðast sumir ganga út frá ríkisábyrgð sem gefnum hlut. Þessi hættu er umhugsunarverð í samfélagi, þar sem stjórnvöld brenna af hugsjón um sam hjálp og samábyrgð, þegar fyrirtæki eiga í hlut, en láta ýmis brýn velferðarmál almennings eigi að síður sitja á hakanum.

Alþingi og Fjármálaeftirlitið hefðu að réttu lagi átt að reisa skorður við vafasömum lánveitingum viðskiptabankanna, svo sem tíðkast víða í nálægum löndum, með sömu rökum og Alþingi og Landlæknisembættið reisa sjálfsagðar skorður við skottulækningum. Vandinn er í grundvallaratriðum hinn sami á báðum vígstöðvum: lántakendur og sjúklingar búa yfirleitt ekki yfir öllum nauðsynlegum upplýsingum og standa því stundum höllum fæti í skiptum sínum við banka og lækna og þarfnast því verndar almannavaldsins gegn hugsanlegri misbeitingu. Vandinn er að því leyti brýnni í dæmi banka en lækna, að bankarnir geta trúlega hlaupið undir pilsfalda ríkisins, ef í harðbakkann slær.

Svo er eitt enn, svo að við hverfum aftur að gengi krónunnar: hamborgaravísitala brezka tímaritsins *Economist* sýnir, að Íslendingar þurfa nú að gera sér að góðu dýrustu hamborgara í heimi. Verðmunurinn er enn ein óræk vísbending um of hátt gengi krónunnar.

Hvenær fellur gengið? Hversu mikið? Það veit enginn. Hitt er næsta víst, að skellurinn getur komið illa við suma þeirra, sem ugga ekki að sér og halda að allt sé í himnalagi.

Of hátt gengi krónunnar á sér langa sögu. Upphafið er hægt að rekja til verndarstefnu ríkisins í landbúnaði og síðar einnig í sjávarútvegi. Þegar háir tollar eru lagðir á innflutning til að vernda innlenda framleiðslu gegn erlendri samkeppni, dregur tollheimtan úr innflutningi og þá um leið úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og verðið á gjaldeyri lækkar að því skapi, svo að gengi krónunnar hækkar. Þjóð, sem heftir innflutning, þarf að búa við herra gengi en ella. Þannig hefur háttátt til á Íslandi síðan 1927, og þannig er Afríka. Vandinn er kerfislægur á báðum stöðum.

Vernd sjávarútvegsins hefur með líku lagi stuðlað að of háu gengi krónunnar, þótt sjóverndin hafi ferðast um aðra farvegi en búverndin: niðurgreiddur gjaldeyri í eina tíð og niðurgreiddir eða jafnvel neikvæðir vextir, síðan ókeypiss aðgangur að sameigninni í sjónum, og nú – 2007! – vísar ríkisstjórnin aðþrengdum útvegsfyrirtækjum á Byggðastofnun með pilsaþyt eins og tíminn standi í stað.

Við þetta er því að bæta, að verðbólga stuðlar fyrir sitt leyti að háu gengi og dregur þannig þrótt úr útflutningsatvinnuvegum og innlendri starfsemi í samkeppni við innflutning. Meiri verðbólga á Íslandi en í viðskiptalöndum okkar á umtalsverðan þátt í því, að gengi krónunnar hefur langtímu saman verið of hátt og skerfur útflutnings til þjóðarbúsins hefur staðið í stað síðan mælingar hófust frekar en að vaxa ört líkt og í flestum öðrum löndum.

Síðustu ár hefur innstreymi erlends lánsfjár í gegnum nýfrjálsa banka og til verklegra framkvæmda ýtt enn frekar undir of hátt gengi krónunnar. Ef einhver álitlegur hluti þess skammtímalánsfjár, sem hefur streymt hingað heim að undanförunu, skiptir um skoðun og streymir út aftur, fellur gengið líkt og gerðist fyrir áratug við svipaðar aðstæður í Suðaustur-Asíu. Þar var ríkið ekki helzti sökudólgurinn, heldur einkageirinn, sem sást ekki fyrir í lántökum og framkvæmdum – og komst í þrot með illum afleiðingum. Skammtímaskuldir bankakerfisins jukust langt umfram gjaldeyrisforða seðlabankanna, svo að erlendir lánardrottinnar kipptu að sér hendinni og knúðu þannig fram gengisfall. Sumir græddu á tá og fingri, en almenningur sat eftir með sárt ennið. Hagvöxturinn þarna austur frá hvíldi þó á svo styrkum stöðum, að efnahagslífið þar komst aftur á réttan kjöl á nokkrum árum og blómstrar nú enn sem fyrr. Ýmsar ástæður liggja til þess, að ekki fór verr, þar á meðal mikil rækt við menntun og þokkalegur jöfnuður í skiptingu auðs og tekna.


Skin og skuggar

Ástand íslenskra efnahagsmála nú er að ýmsu leyti gott eins og mikil umsvif og miklar tekjur á mann og margvíslegar umbætur á umgerð efnahagslífsins síðustu 20 ár bera með sér. Athafnafjórið og áræðið í atvinnulífinu og eftirsókn ungs fólks eftir sífellt meiri og betri menntun veita að sínu leyti fyrirheit um batnandi hag og bjarta framtíð að því tilskildu, að almannavaldið taki sams konar

framförum og bæti umgerð atvinnulífsins og eflri velferð almennings til samræmis við kall og kröfur tímans. Mistök frá fyrri tíð, mikil skuldasöfnun og nýjar skyssur kasta eigi að síður skugga yfir þann árangur, sem náðst hefur. Þetta þrennt helzt í hendur. Skuldasúpan núna þyrfti ekki að vera svona djúp, ef mistök fyrri tíðar – verðbólgan, vitleysan, víxileyðublaðahillan í Alþingishúsinu! – drægju ekki dilk á eftir sér. Og nýjar skyssur – tókum til dæmis andvana tilraun til lækkunar matarverðs með handafli upp á gamla mátann rétt fyrir kosningarnar í vor – bera með sér, að grunnt er á gömlum vitleysum í stjórnarráðinu, eins og við Indriði Þorláksson fyrrverandi ríkisskattstjóri og margir fleiri bentum á að gefnu tilefni í umræðunni um lækkun matarskattsins.

Ýmsir þrálátir skipulagsbrestir leggja að óþörfu þungar byrðar á þjóðina, svo að hún þarf enn sem fyrr að hafa meira fyrir lífinu en flestar aðrar Evrópuþjóðir og safna miklum skuldum í ofanálag. Skilin milli stjórn mála og atvinnulífs eru ekki enn nógu skörp eins og framkvæmd einkavæðingar bankanna vitnar um. Skilin milli framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds eru ekki heldur nógu skýr. Hátt matarverð og háir vextir af völdum veikrar hagstjórnar og landlægrar fákeppni íþyngja almenningi. Samt bólar ekki enn á umsókn Íslands um aðild að ESB. Innganga Íslands í ESB myndi lækka bæði verðlag og vexti í einu veffangi eins og reynsla Finna og Svía vitnar um, og höfnuðu Svíar þó evrunni. Flokkarnir kæra sig kollótta, allir nema einn. Samfylkingin hefur nú tekið sæti í ríkisstjórn án þess þó að hreyfa málinu. Alþýðusambandið situr enn með hendur í skauti líkt og Samtök atvinnulífsins, Sjálfstæðisflokkurinn og hvað þeir heita nú aftur hinir flokkarnir. Sumir segja, að við gætum kveðið fákeppnina niður af eigin rammleik án ESB-aðildar, ef við vildum. Þessi röksemd er haldlaus, því að reynslan sýnir leynt og ljóst, að framleiðendur sitja enn sem fyrr í fyrirrúmi og hagsmunir neytenda sitja á hakanum.

Þetta er arfleifið frá markaðsfirringu fyrri tíðar. Þá stunduðu stálheiðarlegir menn stíft samráð. Nú bera þeir sig illa undan bannsettum þrjótum í bullandi samkeppni og reyna jafnvel að fá þá dæmda í fangelsi. En fákeppnin blífur svo lengi sem Ísland stendur utan við ESB, nema okrið hefur færzt í lægri aldursflokka. Fjármálaeftirlitið er veikt eins og Samkeppniseftirlitið og lögreglan. Er það tilviljun? Okrarar hafa ekkert að óttast, ekki enn. Þetta er ein þyngsta röksemdin fyrir aðild Íslands að ESB.



Ísland og Bandaríkin: Landsframleiðsla á mann 1975-2005
(Bandaríkjadollarar á verðlagi ársins 2000, kaupmáttarkvarði)
Heimild: Alþjóðabankinn, *World Development Indicators* 2007.